

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 39, 22. janúar 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1988.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sérþjónustu í stafræna símakerfinu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

1. Stofngjald.

Skráningargjald kr. 500 greiðist í hvert sinn, sem beðið er um þjónustu, eina eða fleiri í senn. Vakning, liður 2.1., er undanskilin. Gjaldið greiðist einnig í hvert sinn, sem þjónusta er flutt á milli símanúmara við flutning.

2. Afnotagjald.

Fyrir þessa þjónustu er greitt árfjórðungsgjald eða sérstakt notkunargjald þegar viðskiptavinur gerir viðkomandi þjónustu virka.

2.1 Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símstöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er 5 teljaraskref í hvert sinn.

2.2 Skammval. Afnotagjald fyrir hver 5 númer er kr. 120 á ársfjórðungi.

2.3 Símtalsflutningur. Afnotagjald fyrir hvern eftirtalinn kost kr. 120 á ársfjórðungi.

a) Öll símtöl eru flutt.

b) Þegar númerið er upptekið.

c) Þegar ekki er svarað.

2.4 Langlínulæsing. Afnotagjald fyrir hvorn eftirtalinn kostar er kr. 120 á ársfjórðungi:

a) Föst læsing í símstöð.

b) Læsing með lykilorði.

2.5 Endurval. Síðast valda númerið endurvalið. Afnotagjald er kr. 120 á ársfjórðungi.

2.6 Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft hefur verið af. Afnotagjald er kr. 120 á ársfjórðungi fyrir:

a) Hringingu samstundis.

b) Hringingu eftir 6 sekúndur.

2.7 Þriggja manna tal. Þrjú geta talast við í einu. Afnotagjald er kr. 120 á ársfjórðungi.

2.8 Samtal bíður. Tónn gefur til kynna að viðkomandi símtal bíður. Hægt er að geyma fyrra símtal meðan öðru símtali er svarað. Afnotagjald er kr. 120 á ársfjórðungi.

2.9 Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta á milli þeirra. Afnotagjald er kr. 120 á ársfjórðungi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti, svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum sbr. 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og tekur gildi við birtingu.

Samgönguráðuneytið, 27. apríl 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Halldór S. Kristjánsson.